



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Veiðifélag Laxár í Leirársveit
B.t Hallfreður Vilhjálmsson form.
Kambshól, 301 Akranes

14. janúar 2022

Efni: Svar við fyrirspurn vegna Hurðarbaks

Nýverið var auglýst tillaga að starfsleyfi fyrir kjúklingabúið að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit. Þar er gert ráð fyrir auknu eldi með stæði fyrir allt að 136.000 fugla í tveimur eldri eldishúsum tveimur nýjum húsum að Hurðarbaki. Veiðifélag Laxár óskaði eftir því við Hafrannsóknastofnun hvort stofnunin hefði einhverjar athugasemdir við útgáfu starfsleyfisins vegna hugsanlegra áhrifa starfseminnar á lífríki Laxár í Leirársveit.

Hafrannsóknastofnun vill benda hér á að lög um stjórn vatnamála eru í gildi og þar kemur fram að ástandi vatns megi ekki hnigna. Í því tilviki er miðað við gögn um lífríki (nú eru til einhverskonar viðmið fyrir hryggleysingja og blaðgrænu) og styrk uppleystra næringarefna (NO₃, PO₄ og NH₄). Sjá viðmið í skýrslu <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1612183960-hv2020-42.pdf>

Laxá í Leirársveit er skilgreint vatnshlot (nr. 104-497-R) og er í vatnagerð RL3 (bergvatn undir áhrifum af vötnum og votlendi á vatnasviði). Á Hafrannsóknastofnun er einungis til mæling á NO₃ og PO₄ úr einu sumarsýni í Laxá í Leir á stöð ofan við Hurðarbak. Styrkur þessara efna bendir til að áin sé í mjög góðu ástandi á því svæði. Þess ber þó að geta að ástand vatnshlota á að meta út frá meðalstyrk fjögurra mælinga, tekin á mismunandi tímum yfir árið, en ekki út frá einni mælingu. Það væri mikill styrkur fyrir kjúklingabúið að vakta ána betur og a.m.k. láta gera 4 mælingar á ári (á öllum árstímum) á styrk uppleystra næringarefna (NO₃, PO₄ og NH₄) með nægilega næmum aðferðum á öllum árstímum þannig unnt sé að staðfesta að starfsemin valdi ekki of miklu álagi á ána. Dæmi um greiningarmörk sem myndu nægja við vöktun á næringarefnum í ánni er sýnt í Töflu 1.

Tafla 1. Æskileg greiningarmörk við vöktun næringarefna í Laxá í Leirársveit.

▼ Nutrients in clean water

Analysis of substance:	Report limit:
nitrate nitrogen	0.002 mg/l
nitrite nitrogen	0.002 mg/l
ammonium nitrogen	0.004 mg/l
nitrogen, total	0.02 mg/l
phosphate phosphorus	0.001 mg/l
phosphorus, total	0.003 mg/l

Í starfsleyfisdrögunum kemur þannig fram eftirfarandi:

Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum nærliggjandi vatnshlota (Laxá²⁰ og Grunnafjörður) hraki ekki vegna meðhöndlunar, dreifingu eða geymslu, húsdýraáburðar frá rekstrinum. Meðhöndlun áburðar má ekki valda því að breyting verði á lífríki eða vistfræðilegt ástand vatnshlotanna rýrni samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu, sbr. þó gr. 3.13. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það sbr. gr. 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Það er því skilningur Hafrannsóknastofnunar að það þurfi að fara fram einhver athugun á þeim gæðaþáttum sem nota á við mat á ástandi vatnshlota. Styrkur næringarefna er nærtækasta vöktunin til að byrja með og er því mælt með því að það sé gert.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Sigurður Már Einarsson". The signature is written in a cursive, flowing style.

Sigurður Már Einarsson fiskifræðingur